

STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, 10. SEPTEMBER 2014, KL. 18:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Anna Alexandersdóttir, Björn Ingimarsson, Jón Kristinn Arngrímsson og Helgi Ómar Bragason.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fulltrúum í stjórn og var hún samþykkt samhljóða. Formanni falið að sjá til þess að fundargerðin fari inn á heimasíðu ME.

2. Upphaf skólastarfs

Helgi Ómar gerði grein fyrir stöðu mála. Fram kom m.a. að nemendur eru heldur fleiri en reiknað var með í vor, eða 310 í dagsskóla í stað 240 og um 200 í fjarnámi. Á heimavist eru 94 sem er nokkrum nemendum fleira en síðasta haust. Busun hefur verið aflögð við misjafnar undirtektir nemenda en í staðinn er haldinn nýnemadagur sem má ætla að þurfi einhvern tíma í þróun. Nýnemaballið fór vel fram, um 50 skráðu sig í edrú-pottinn sem er heldur minna en þegar að mest hefur verið. Rætt fyrirkomulag skemmtana og dansleikja s.s. opnunartími og möguleg aðkoma foreldra að þeim. Varðandi starfsmannamál kom fram m.a. að ráðið hefur verið í stöðu mannauðsstjóra og unnið er að yfirferð og gerð starfslýsinga m.m.

3. Aðalfundur félagsins

Samþykkt að boða til aðalfundar félagsins á tímabilinu 4. – 7. október og í tengslum við aðalfund verði skipulagðir fyrirlestrar um málefni er snerta bæði foreldra og nemendur. Helgi Ómar mun kanna með mögulega fyrirlesara (m.a. á vegum landlæknisembættis) og nánari dagsetningar og mun upplýsa stjórn þegar að niðurstöður liggja fyrir.

4. Lagabreytingar

Formaður fór yfir tillögur að lagabreytingum sem samþykkt var að leggja fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu. Um er að ræða breytingar á 4. gr. samþykktar félagsins sem lúta annars vegar að því á hvaða tímabili skuli halda aðalfund (1/9 – 20/10 í stað 15/9 – 20/10) og hins vegar að fella niður f-lið 4. gr. sem kveður á um

að á aðalfundi skuli leggja fram starfsáætlun til afgreiðslu og að h-liður 4. gr. fjalli um val tveggja skoðunarmanna án varamanna. Formanni falið að sjá til þess að tillögur að lagabreytingum fari út með aðalfundarboði.

5. Gjöf til nemendafélagsins

Formaður gerði grein fyrir samskiptum við stjórn nemendafélagsins vegna hugmynda sem rædd var á síðasta stjórnarfundum og sem snérist um að færa nemendafélaginu grindverk að gjöf sem nýta mætti í tengslum við dansleikjahald m.a. Ákveðið að kanna með verð og að formaður heyri aftur í stjórn nemendafélagsins til að fá það endanlega staðfest að vilji sé fyrir því að þessi leið verði farin. Jón Kristinn mun afla upplýsinga um verð og stærðir.

6. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið

Fundi slitið kl. 19:05

AÐALFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, 21. OKTÓBER 2014, KL. 19:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu sjö foreldrar ásamt Helga Ómari Bragasyni skólameistara.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á Jóni Kristni Arngrímssyni sem fundarstjóra og Birni Ingimarssyni sem ritara og var tillagan samþykkt, síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi samtakanna

Anna Alexandersdóttir fór yfir starfsemina á liðnu ári og færði meðstjórnendum sínum bestu þakkir fyrir samstarfið á undanförunum tveimur árum en Anna lætur af stjórnarstörfum frá og með þessum aðalfundi.

2. Ársreikningar lagðir fram

Fundarstjóri gerð grein fyrir ársreikningi ársins 2013 og kom fram að tekjur ársins námu kr. 51.437,- og gjöld kr. 19.189,- þannig að rekstrarafgangur nam kr. 32.248,-, á bankareikningi á félagið kr. 134.890,-.

Eftir nokkrar umræður voru reikningurinn og árskýrslan borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

3. Lagabreytingar

Formaður gerði grein fyrir tillögum að breytingum á 4. gr. laga félagsins sem felast í því að aðalfundur skal halda á tímabilinu 1. september til 20. október í stað 15. september til 20. október, ákvæði um framlagningu starfsáætlunar á aðalfundi verði fellt út og að ekki verði gert ráð fyrir tveimur varaskoðunarmönnum. Framlagðar tillögur voru samþykktar samhljóða.

4. Kosning í stjórn

Nýir aðalmenn í stjórn til næstu tveggja ára voru kosin Nína Midjord Erlendsdóttir, Steinunn Snædal og Arngrímur Viðar Ásgeirsson. Áfram sitja í stjórn til eins árs þeir Björn Ingimarsson og Jón Kristinn Arngrímsson. Varamenn voru kosnar María Veigsdóttir og Selja Eðvaldsdóttir.

5. Kosning skoðunarmanna

Skoðunarmenn voru kosnir Eygló Ægisdóttir og Hilmar Gunnlaugsson.

Í lok fundar gerði Helgi Ómar Bragason, skólameistari, grein fyrir forvarnarstefnu skólans og að því loknu var fundarmönnum boðið upp á léttan kvöldverð.

Fundi slitið kl. 20:00

STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 23. NÓVEMBER 2014 KL 18:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Jón Kristinn Arngrímsson, Nína Midjord Erlendsdóttir, Steinunn Snædal og Árni Ólason.

Árni Ólason er boðaði til fundarins bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Samþykkt að verkaskipting yrði eftirfarandi:

Formaður: Jón Kristinn Arngrímsson

Gjaldkeri: Steinunn Snædal

Ritari: Björn Ingimarsson

Fulltrúi í skólanefnd ME: Jón Kristinn Arngrímsson, t.v. Nína Midjord Erlendsdóttir

2. 1. des. ball

Árni gerði grein fyrir undirbúningi 1. des hátíðar sem verður í Valaskjálfi föstudaginn 28. nóvember nk. Stefnt er að því að skemmtanir á vegum ME verði algjörlega vímuefnafrjár og gerði Árni grein fyrir því hvernig unnið er að innleiðingu þessa. Skipulag skemmtana og aðkoma foreldra rædd. Stjórn sammála um að tíminn kl. 22:00 – 01:00 væri hentugur tími fyrir dansleiki og að foreldrum fyrsta og annars árs nema verði raðað niður á foreldravaktir vegna dansleikja vetrarins. Árni mun skoða með senda stjórnarmönnum lista yfir foreldra og stjórnarmenn munu vinna tillögur að niðurröðun með tölvupóstsamskiptum.

3. Önnur mál.

☑ Samþykkt að funda að jafnaði annan sunnudag í mánuði kl. 18:00.

☑ Samþykkt að vinnulag varðandi fundargerðir verði með þeim hætti að ritari sendi stjórnarmönnum fundargerðir í tölvupósti til yfirlestrar og er gerðar hafa verið leiðréttingar vegna innkominna athugasemda verði þær settar inn á heimasíðu skólans.

☑ Samþykkt að fela gjaldkera að sjá til þess að innheimtur vegna félagsgjalda fari út um næstu mánaðarmót.

☑ Ákveðið að fella niður fund í desember en formaður boði til hans ef þurfa þyki. Að öllu óbreyttu verður næsti fundur haldinn sunnudaginn 11. janúar kl. 18:00.

☑ Samþykkt að óska eftir því við áfangastjóra að upplýsingar á heimasíðu varðandi samþykktir og fleira verði uppfærðar.

☑ Samþykkt að bjóða fulltrúum frá stjórn nemendafélagsins á fund stjórnar í janúar. Í framhaldi af þeim fundi og að höfðu samráði við eiganda Valaskjálfr verði tekin endanleg ákvörðun varðandi kaup á girðingu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 18. JANÚAR 2015 KL 18:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Jón Kristinn Arngrímsson, Nína Midjord Erlendsdóttir og Steinunn Snædal.

Rebekka Karlsdóttir formaður nemendafélagsins mætti einnig til fundarins:

Dagskrá:

1. Erindi frá nemendaráði.

Rebekka gerði grein fyrir því að vilji nemendaráðs stæði til þess að þiggja girðingu að gjöf frá foreldrafélaginu eins og rætt hefur verið um. Nemendaráð mun kanna með að ná samningi við eiganda Valaskjálfr um geymslu á girðingunni gegn nýtingarheimild. Jón Kristinn mun sjá um kaup á girðingunni og semja um flutning í samráði við nemendaráðið.

Rætt fyrirkomulag dansleikja. Næsta uppákoma verður Barkinn 13. febrúar og lokaballið verður í maí. Skiptar skoðanir eru á meðal nemenda varðandi tímalegnd og er það mál enn í mótun.

Rebekka gerði grein fyrir starfsemi nemendafélagsins. Hafin er undirbúningur leiksýningar, útgáfa skólableaðs er með hefðbundnum hætti, þátttöku í Gettu betur er lokið þetta árið, unnið er að undirbúningi keppnisliðs fyrir Morfís, í undirbúningi er stofnun feministafélags innan skólans og sérstakir viðburðir, s.s. spilakvöld o.fl., eru haldnir á miðvikudögum.

Rætt um að tímabært væri orðið að fá fyrirlesara með áherslu á forvarnarmál og vinna að slíku í samstarfi við hina framhaldsskólana og grunnskólana á svæðinu. Ákveðið að foreldrafélagið skoði málið og verði í sambandi við nemendaráð varðandi mögulegar hugmyndir sem koma fram.

2. Foreldrarölt

Rætt um fyrirkomulag foreldraröls. Fimm mættu og tóku þátt í rölti 1. des. Ákveðið senda tilkynningu sem fyrst til foreldra vegna Barkans og óska eftir þátttöku í rölti. Æskilegt er að ná 5 – 6 þörum til þátttöku.

3. Önnur mál.

Lögð áhersla á að upplýsingar á heimasíðu skólans verði uppfærðar þannig að fólk hafi aðgengi að réttum upplýsingum (s.s. stjórnarskipan, fundargerðir o.fl.).

Lagt til að fá skólameistara á næsta fund til að fara yfir stöðu mála varðandi áhrif fyrirhugaðra breytinga á framhaldsskólum á starfsemi og rekstur ME.

Næsti fundur verður haldinn sunnudaginn 8. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:35.